



Íþróttta- og tómstundasvið

Bræðraborgarstígur 1, 3 og 5

Á fundi borgarráðs þann 30. júní 2022 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 23. júní 2022, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 22. júní 2022 á kynningu á lýsingu að deiliskipulagi fyrir lóðirnar 1, 3 og 5 við Bræðraborgarstíg, ásamt fylgiskjöllum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar lögðu fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að unnið sé áfram í góðri sátt við nærumhverfi og hagaðila, þar með talið íbúaráð Vesturbæjar, en einnig Miðborgar og Hlíða. Ekki síst með tilliti til þess harmleiks sem átti sér stað á þessum stað. Það er gott að opnað sé á ferlið og boðið upp á að senda inn hugmyndir og athugasemdir á þessu frumstigi. Uppbygging á þessum lóðum ætti að samræmast götumynd, byggingahæð ætti að miðast við nærliggjandi hús og tryggja þarf að umhverfið sé manneskjuvænt, þar sé gaman að ferðast fótgangandi og græn svæði séu fyrir hendi til útivistar og hreyfingar.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Það er gríðarlega mikilvægt að farið verði eftir því að allir félagshópar hafi tækifæri til búsetu á reitnum, eins og kveðið er á um í aðalskipulaginu. Þeir hópar sem standa verr efnahagslega eru að þjáast að óþörfu á núverandi húsnæðismarkaði. Sjaldan eða aldrei hefur verið jafn mikilvægt að passa upp á að þessir hópar fái húsnæði. Þetta verður að passa upp á í deiliskipulaginu. Margar leiðir hafa verið farnar í borgum í kringum okkur sem sjá til þess að svo sé. Miðað við gefna reynslu óttumst við að byggt verði að mestu fyrir þá tekjuhærri eða þá sem eru að safna íbúðum til þess að leigja út. Við ítrekum mikilvægi þess að passað verði upp á að einsleitnin á þessum reit verði ekki í þá áttina að einungis efnameira fólk geti búið á svæðinu.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins vonar að uppbygging Bræðraborgarstígs 1, 3 og 5 gangi vel og verði unnin í góðu samráði við eigendur og umhverfi.

Helga Björk Laxdal
e.u.